

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. skrifstofu iðnaðar- og orkumála
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

5. september 2014

Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína

Vísað er til draga sem kynnt voru á vef ráðuneytisins 19. ágúst sl. þar sem öllum var gert frjálst að senda ráðuneytinu umsagnir, eigi síðar en 5. september.

Samorka fagnar þeirri fyrirætlan stjórnvalda að marka stefnu sem verði fyrirtækjum leiðsögn við uppbyggingu og viðhald dreifi- og flutningskerfa raforku, hvað viðkemur spurningunni um loftlínur annars vegar og jarðstrengi hins vegar. Í vaxandi mæli eru settar fram kröfur um jarðstrengslaunsir sem á hárrí spennu eru iðulega mun kostnaðarsamari, jafnvel margfalt. Því er mikilvægt að stjórnvöld marki skýra stefnu í þessum efnum. Ennfremur er afar brýnt að einfaldað verði stjórnsýsluumhverfi við uppbyggingu flutningskerfis raforku og fagnar Samorka því frumvarpi til breytinga á raforkulögum sem nýlega var kynnt af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Dreifikerfi á lægri spennu

Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni (kafla 2.4) er meirihluti kerfisins á lægri spennu (33 kV og minna, alls 11.267 km) nú þegar í formi jarðstrengja, eða 54%. Samorka styður þá stefnumörkun í gr. 1.1.1 að meginreglan verði að notast sé við jarðstrengi við uppbyggingu og viðhald þess hluta kerfisins, enda er það í flestum tilvikum hagstæðari kostur við núverandi aðstæður. Frá því geta þó verið undantekningar, svo sem ef landslag er með þeim hætti að jafnt kostnaður sem rask geti verið mun meiri við lagningu jarðstrengs en loftlína.

Landshlutakerfi

Hvað varðar sambærilega stefnumörkun í gr. 1.1.2 um svonefnt landshlutakerfi, að því gefnu að jarðstrengslaunsir séu tæknilega raunhæfar og kostnaður ekki meiri en tvöfaldur kostnaður við loftlínu, skortir e.t.v. á nákvæmari skilgreiningu. Við hvaða spennu (kV) miðast landshlutakerfi annars vegar, en meginflutningskerfið hins vegar? Í greinargerð með tillögudrögunum segir m.a. (kafla 2.4) að gera megi ráð fyrir að mest öll landshlutakerfi upp að 132 kV spennu fari með tíð og tíma í jarðstrengi. Að mati Samorku er það rétt mat, enda í vaxandi mæli hagkvæmari kostur. Skilgreiningin er þó ekki nákvæm og því e.t.v. ekki í öllum tilvikum ljóst hvaða verkefni flokkast sem landshlutakerfi og hver sem hluti meginflutningskerfis.

Meginflutningskerfi

Enn er uppi sú staða að á spennu á borð við 220 kV er kostnaður iðulega margfalt hærri við jarðstrengslaunsir en við loftlínur og þær fyrrnefndu oft tæknilega flóknari. Samorka styður því þá stefnumörkun í gr. 1.1.3 að meginreglan skuli vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra. Samtökin



taka ekki afstöðu til einstakra atriða sem talin eru upp og réttlætt geti að (allt að tvöfalt) dýrari leið verði valin, enda í raun fyrir mestu að Landsneti, sem rekur meginflutningskerfið, verði sett skýr viðmið til að starfa eftir í þessu sambandi.

Hér skal hins vegar vakin athygli á því að ekki er með öllu ljóst hvernig horft skuli til tölusettra liða 1-5 í gr. 1.1.3 (sem réttlætt geti dýrari leið) annars vegar, og til síðustu fjögurra mgr. í gr. 1.3 um önnur atriði hins vegar. Skv. þeim síðarnefndu skal jafnframt m.a. horft til þess að meta afhendingaröryggi, horfa til styrkingar raforkukerfisins, tryggja að flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi, að horft sé til viðskiptahagsmuna og að tryggt sé, eins og kostur er, hagkvæmt flutnings- og dreifiverð til raforkukaupenda. Ljóst er að dýrari kostir í flutningsleiðum geta ekki stuðlað að hagkvæmara flutnings- og dreifiverði og óvíst er að önnur framangreind atriði samræmist ávallt niðurstöðu um jarðstreng umfram loftlínu sem þó getur verið krafan skv. ákvæðum gr. 1.1.3.

Þá liggur fyrir að verði ályktunin samþykkt muni dreifiveitum og ekki síst flutningsfyrirtækinu í mörgum tilvikum verða gert í raun að láta fara fram mun meiri og ítarlegri rannsóknir á þeim kostum sem þó virðast hafa mun meiri kostnað í för með sér. Val milli kosta þarf, skv. þessum ályktunardrögum verði þau samþykkt, að grundvallast á all nákvæmum upplýsingum. Kostnaður við uppbyggingu og viðhald kerfisins mun því að þessu leyti aukast og tími til rannsókna og undirbúnings ákvörðunartöku sömuleiðis lengjast.

Samantekt

Samorka fagnar frumkvæði stjórnvalda til stefnumörkunar á þessu sviði og minnir jafnramt á mikilvægi þess að einfaldað verði stjórnsýsluumhverfi uppbyggingar flutningskerfis raforku að öðru leyti, sbr. drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum sem kynnt hafa verið af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samtökin vekja þó athygli á að ályktunardrögin, verði þau samþykkt, munu hafa í för með sér aukinn kostnað sem allir raforkunotendur í landinu munu bera, m.a. vegna kröfu um ítarlegri rannsóknir á mismunandi kostum. Jafnframt vekja samtökin athygli á að í ákveðnum tilvikum mættu skilgreiningar vera skýrari í ályktunardrögunum og að í einhverjum tilvikum geta mismunandi ákvæði þeirra haft gagnstæð áhrif við töku ákvarðana um mismunandi valkosti.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri